



Skipulagsstofnun
Jón Ágúst Jónsson
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 6.5.2025

Málsnúmer: 202504-0029

IAS

Efni: Stækkun efnistökusvæða innan deiliskipulags Hvammsvirkjunar – matskyldufyrirspurn.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, frá 10. apríl 2025, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna stækkunar efnistökusvæða innan deiliskipulags Hvammsvirkjunar.

„Landsvirkjun vinnur nú að lokaundirbúningi við Hvammsvirkjun og tengdar framkvæmdir í og við Þjórsá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þær efnistökuheimildir sem eru í gildandi deiliskipulagi byggja á umhverfismati frá 2003 og uppfærðu umhverfismati frá 2017, og hafa ýmsar hönnunarforsendur breyst síðan þá og við endanlega verkhönnun hefur komið í ljós að efnisþörf er nokkuð meiri en reiknað var með í upphafi og því hyggjast Landsvirkjun og Vegagerðin stækka efnistökusvæði E26 til að mæta þessari viðbótarefnisþörf. Er það einkum nýr Þjórsárdalsvegur og miklar fyllingar honum tengdum sem kalla á þessa auknu efnisþörf. Í heild verður viðbótarefnismagn 390.000 m³.

Viðbætur umfram það sem fjallað var um í umhverfismati eru því eftirfarandi:

- 390.000 m³ ný efnistaka á 24,9 ha svæði
- 60.000 m³ af nýju efni sem þarf að haugsetja
- 400 m langur nýr vinnuslóði að einu nýju efnistökusvæðanna“

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sé matskyldufyrirspurnina og telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar og umhverfisáhrifum hennar og telur ekki þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Eins og fram kemur í matskyldufyrirspurninni er framkvæmdasvæðið innan mikilvægs fuglasvæðis, Suðurlandsundirlendið, og efnið verður að hluta numið úr nútímahrauni í Hagaey (Þjórsárhrauni) sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. greinar laga um náttúruvernd. (60/2013). Hagaey er þakin jarðvegi, nokkuð gróin og sést ekki í yfirborðs hraunsins og er verndargildi þess því metið lágt auk þess sem svæðið fer undir lónið. Áhrif framkvæmdanna verða líklega mest á lífríkið á framkvæmdatíma og er mikilvægt að framkvæmdum verði hagað þannig að áhrif á lífríkið verð sem minnst.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur